



Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. október 2020

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjufallsstyrki

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 20. október þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint lagafrumvarp. Frumvarpið er liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að draga úr tjóni vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar og er sérstaklega ætlað að aðstoða einstaklinga og litla lögaðila í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Samtökin fagna markmiði frumvarpsins en vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

### 1. Óskýrt gildissvið

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að verið sé að bregðast við vanda smárra rekstraraðila, umfangslítills rekstrar og að úrræðið sé einkum ætlað einyrkjum og litlum fyrirtækjum. Skilyrði styrks í 4. gr. frumvarpsins og skýringar í greinargerð bera með sér að úrræðinu sé einungis ætlað að taka til einyrkja og sjá má af athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins að svigrúmið upp í þrjá launamenn sé ætlað fyrir fjölskyldumeðlimi einyrkjans sem vinna fyrir hann.

Það er mikilvægt að ekki sé vafi á því hvort að úrræðið sé einnig í boði fyrir lítill fyrirtæki. Eins og frumvarpið lítur út núna tekur það ekki til lítilla fyrirtækja heldur eingöngu einyrkja og reksturs þeirra. Hér er því verið að skilja stóran hóp lítilla fyrirtækja eftir, hóp sem hefur orðið útundan í úrræðum ríkisstjórnarinnar hingað til, t.d. veitingastaði. Ef úrræðið á að ná til lítilla fyrirtækja, sem að mati samtakanna væri hið eina rétta, væri nær að miða skilyrðin um fjölda launamanna við skilgreiningu laga um ársreikninga, nr. 3/2006 á örfyrirtækjum. Þannig myndi úrræðið takmarkast við hámark 9 launamenn og taka á vanda fleiri rekstraraðila sem sannarlega þurfa aðstoð.

### 2. Afgreiðslufrestur of langur

Í 7. gr. frumvarpsins segir að Skatturinn skuli afgreiða umsókn svo fljótt sem verða má og ekki síðar en tveimur mánuðum eftir að honum berst fullnægjandi umsókn. Að mati samtakanna er þessi frestur of langur. Styrknum er ætlað að létta á aðkallandi greiðslufælðisvanda og ef hann berst of seint kemur hann að litlu gagni. Fresturinn er sérstaklega langur í ljósi þess að Skatturinn getur kallað eftir frekari rökstuðningi og gögnum, sbr. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins, sem getur þá lengt afgreiðslu umsóknar enn frekar.



Samtökin leggja til að afgreiðslufresturinn verði stytur í einn mánuð. Í greinargerð er tekið fram að afgreiðsla úrræðisins ætti ekki að kalla á fjölgun starfsmanna hjá Skattinum og má því leiða að því líkur að einn mánuður ætti að duga til. Það skiptir miklu fyrir þá sem sækja um úrræðið að fá afgreiðslu umsóknar sinnar eins fljótt og auðið er.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins,

Heiðrún Björk Gísladóttir

f.h. Samtaka iðnaðarins

Björg Ásta Þórðardóttir

f.h. SVP Samtaka verslunar og þjónustu,

Benedikt S. Benediktsson